

Fundur NOS

haldinn í fjarfundi 2. október 2020 kl. 14:00

Mætt: Aldís Hafsteinsdóttir, Kristófer Tómasson, Halldóra Hjörleifsdóttir, Jón G. Valgeirsson, Ásta Stefánsdóttir, Ingibjörg Harðardóttir, Eydís Indriðadóttir og Elliði Vignisson. Auk þess sat fundinn Ragnheiður Hergeirsdóttir forstöðumaður Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings. Undir lið nr.4 kom Hrafnhildur Karlsdóttir á fundinn.

Dagskrá:

1. Fjárhagsáætlun 2021.
2. Erindi frá Soroptimistaklúbbi Suðurlands.
3. Erindi frá Félags- og barnamálaráðherra.
4. Samningsdrög við Rannsóknir og Greining ehf
5. Úttekt á starfseminni
6. Fyrirkomulag við endurnýjun samþykkt
7. Aðalfundur 22.okt kl.15 í Þorlákshöfn
8. Launakjör forstöðumanns.
9. Önnur mál.

1. Fjárhagsáætlun 2021

Formaður fór yfir drög að fjárhagsáætlun fyrir árið 2021. Umræða tekin um áætlunina. Samþykkt að Aldís, Elliði og Eydís fari yfir áætlunina og greini hana betur. Hún verði svo lögð aftur fyrir nefndina fyrir aðalfund. Stefnt að því að funda varðandi áætlun í næstu viku.

2. Erindi frá Soroptimistaklúbbi Suðurlands.

Erindið byggir á ósk um samstarf við sveitarfélögin á Suðurlandi til að stofna og reka úrræði fyrir þolendur kynbundins ofbeldis, kallað Sigurhæðir. Ragnheiður fór yfir málið. Sv.Árborg hefur samþykkt að leggja til húsnæði undir verkefnið. Samþykkt að senda erindið til sveitarstjórna og þau svari hvert fyrir sig með styrk í verkefnið.

3. Erindi frá Félags- og barnamálaráðherra vegna styrkveitinga til íþrótt- og félagsstarfs.

Lagt fram til kynningar erindi frá Félags- og barnamálaráðherra vegna styrkveitingar til íþrótt- og félagsstarfs til efnaminni fjölskyldna. Ragnheiður fór yfir málið. Nefndin fagnar framkvæmdinni og samþykkt að sveitarfélögin útfæri texta frá sínu sveitarfélagi og sendi á Ragnheiði sem fyrst svo hægt sé að koma þessu í virkni.

4. Samningsdrög við Rannsóknir og Greining ehf.

Farið yfir samningsdrög frá Rannsóknir&Greining ehf um úrvinnslu rannsókna á högum og líðan ungs fólks í Árnesþingi. Hrafnhildur fór yfir málið. Í ljósi ástands sjáum við okkur ekki fært að bæta við fleiri verkefnum og því samþykkt að kaupa ekki þau gögn sem umræðir að svo komnu máli.

5. Úttekt á starfseminni.

Málinu frestað til næsta fundar.

6. Fyrirkomulag við endurnýjun samþykktu.

Formaður hefur verið í sambandi við framkvæmdastjóra SASS um samræmdar aðgerðir fyrir sveitarfélög í sýslunni við endurskoðun á samþykktum og samningum. Framkvæmdarstjóri SASS er að kanna hver getur tekið að sér verkefni og hvað það muni kosta.

7. Aðalfundur 22. Okt kl 15 í Þorlákshöfn

Í ljósi aðstæðna vegna Covid er nauðsynlegt að huga að framkvæmd aðalfundar. Samþykkt að staðan verði metin þegar nær dregur.

8. Launakjör forstöðumanns.

Lagt var fram erindi frá Ragnheiði Hergeirsdóttur þar sem óskað er eftir endurskoðun á launakjörum. Ákvörðun var frestað á síðasta fundi og formanni falið að afla frekari gagna. Formaður fór yfir þau gögn og málin rædd. Samþykkt að formaður ræði við forstöðumann miðað við umræður á fundinum.

9. Önnur mál.

Engin önnur mál tekin fyrir.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:00
Halldóra Hjörleifsdóttir, fundarritari